

---

**F U N D A R G E R Ð**

**Fundur:** 108. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.  
**Fundartími:** Fimmtudagur 26. maí 2016, kl. 10:00-12:00  
**Fundarstaður:** EFLA, Höfðabakki 9 Reykjavík  
**Fundarefni:** 1) Gögn ársins 2015.  
2) Stuðlar ársins 2015, gögn til Orkustofnunar.  
3) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

**START:** Ragnar Stefánsson, Landsnet  
Benedikt Einarsson, Veitur  
Egill Sigmundsson, HS Veitur  
Kjartan Rolf Árnason, RARIK  
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða  
Birgir Örn Birgisson, Orkubú Vestfjarða  
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

**EFLA:** Ingvar Baldursson  
Kolbrún Reinholdsdóttir

**Fjarverandi:** Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka  
Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

108 fundur START hópsins.

Fyrirhugað var að hafa START fund á Ísafirði samhliða fagfundi Samorku, en sá fundur var færður til Reykjavíkur vegna veðurs, sem hafði það í för með sér að START fundur var haldinn í Reykjavík.

- 1) Gagnaskil vegna ársins 2015 er í hefðbundnum farvegi. RE nefndi hvort skipta ætti dreifiveitusvæði OV í þéttbýli og dreifbýli.
- 2) KR fór yfir skýrsluna „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2006-2015“. Drög að skýrslunni var dreift á hópinn fyrir í vikunni. Í drögum átti eftir að ljúka við kafla 4. KR sýndi einnig hvernig upplýsingar um rekstrartruflanir eru birtar í frammistöðuskýrslu Landsnets og sýndi einnig ENTOSE excel skjal og skýrslu.

Í umræðu um skýrslu komu fram nokkur atriði:

Það gæti verið forvitnilegt að sjá hverjar eru megin orsök truflana og hvort það séu breytingar á milli svæða. Er ástæða að hafa sér kafla um þennan þátt í skýrslunni. KR mun taka saman upplýsingar og kynna á haustfundi hópsins.

KRÁ, á síðasta fundi var rætt um meriháttar skýrslur. Í því sambandi benti KRÁ að 3 stór atívk (hjá RARIK) hafa tölvuverð áhrif á tölfræðina, jafnvel í 10 ár. Ef þessi tilvik er tekin frá breytist tölfræðin. Bent var á atriði í staðli IEEE sem mætti skoða betur. KR og IB munu skoða þessi atriði nánar.

Endnægri skýrslu verður dreift á hópinn. Í kjölfarið verður skýrslan gerð aðgengileg á truflun.is.

### 3) Önnur mál

a) „*Kostnaður vegna skorts*“. Spurt var um hvort niðurstöður væri komnar úr GARP verkefninu sem gæti nýst í vinnu START hópsins. Ekki var vitneskja um það.

Umræða var um útreikninga í skýrslunni „*Kostnaður vegna skorts*“. Útreikningar byggja á grunni frá árinu 1995. KRÁ nefndi að það hafa orðið breytingar á atvinnuháttum síðan þá og spurning er hvort útreikningar gefi rétta mynd og niðurstöðu.

RS nefndi að það koma alltaf athugasemdir og ábendingar vegna talna sem birtar eru í skýrslunni.

KRÁ benti á að Norðmenn gerðu könnun 2012, sjá erindi á CIRED.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður 20. október 2016 hjá Veitum Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, kl. 10-12.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2006-2015. Drög án kafla 4.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2006-2015“
- Frammistöðuskýrsla Landsnets
- ENTOSE excel skjal og skýrslu

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
KR	Samantekt á megin orsök truflana
KR og IB	Fara yfir staðla IEEE um meðhöndlun á „stór tilvik“.